

Alþingi  
Erindi nr. P 137/454  
komudagur 29.6.2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
110 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2009

**Efni: Umsögn BSRB um annars vegar tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 49. mál**

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. BSRB hefur ekki tekið afstöðu til afskriftarleiðar þeirrar er tillagan mælir fyrir um. Hins vegar vilja samtökin benda á skýrslu Seðlabanka Íslands, „Fleiri niðurstöður starfshóps Seðlabanka Íslands um skuldir heimilanna“, dags. 27. mars 2009, þar sem skilgreint er hvaða áhrif afskriftaleið þessi hefði á heimilin. Samkvæmt skýrslunni er ljóst að flöt niðurfelling sem þessi hefur ólík áhrif á mismunandi hópa. BSRB setur ákveðna fyrirvara við að 20% afskriftaleiðin feli í sér jafnræði gagnvart heimilum landsins sem aðgerð af hálfu ríkisins í því tilliti að rétta stöðu íslenskra heimila vegna fjárhagslegra erfiðleika sem rekja má til efnahagsástandsins.

Fyrir hönd BSRB

*Helga Jónsdóttir*

Helga Jónsdóttir,  
framkvæmdastjóri



**Bygðastofnun**  
**Próunarsvið**

Alþingi  
Erindi nr. P 137/350  
komudagur 23.6.2009

Dagsetning  
23.06.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, mál 49.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun hefur ekki veitt lán til heimila og eru lán stofnunarinnar því væntanlega að stórum hluta það sem myndi flokkast sem lán til rekstrarfyrirtækja. Hagur þessara fyrirtækja myndi vænkast ef lán þeirra yrðu afskrifuð um fimmtung. Hitt er einnig ljóst að efnahagur Bygðastofnunar myndi rýrna og þyrfti ríkisvaldið væntanlega að mæta því með einhverjum hætti. Rétt er að fram komi að Bygðastofnun hefur ekki veitt nein lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum síðasta ár.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar



Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/366*  
*komudagur 24.6.2009*

Reykjavík, 23. júní 2009  
EBI/--

**Efni. Tillögur til þingsályktunar um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála (88. mál) og um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja (49. mál)**

*Tilv. 2009060009*

Bændasamtök Íslands hafa fjallað um efni ofangreindra þingsályktunartillaga. Samtökin taka ekki afstöðu til þeirra sérstöku aðgerða sem lagðar eru til en vilja eftir sem áður taka undir það sjónarmið að skjótra aðgerða er þörf í efnahagsmálum. Meðal annars vísa samtökin þar til bókunar með nýsamþykktum breytingum á búvörusamningum um að ríkið leggi fram áætlun um hvernig komið verði til móts við skuldsetta bændur. Minnt skal á hvernig rekstur og heimili tvinnast saman á bújörðum. Þar að auki vilja samtökin nefna nokkur atriði sem þau hvetja til að höfð séu í huga með tilliti til hagsmuna bænda í þessu sambandi.


Við aðstæður sem þessar þarf að senda þau skilaboð til bænda og starfsfólks í matvælaframleiðslu að störf þessa fólks séu mikils metin. Sterklega er varað við afleiðingum af inngöngu í ESB fyrir atvinnuvegin.

Tryggja þarf áfram eins og kostur er að rekstrareiningar í framleiðslu haldi áfram og að skuldastaða og lausafjárskortur rekstraraðila valdi ekki hruni í framleiðslu.

Margir bændur eru í verulegum rekstrarerfiðleikum og aðgerðir vegna þess þola ekki bið. Hugmyndir banka um lausnir lofa góðu en tími ákvarðana verður að fara að koma. Verulegur samdráttur í framleiðslu hefði mjög neikvæð áhrif á úrvinnsluþænað og byrgja því mun dýrara og tímafrekara er að hefja rekstur á búi ef framleiðsla hefur lagst niður í einhvern tíma.

Hægt væri að nefna mun fleiri atriði en rétt er að taka fram að það eru miklir vaxtarmöguleikar í sveitum landsins og framleiða má meira af þeim mat sem þjóðin þarf ef skilyrði eru tryggð. Við búum svo vel að eiga gnótt ræktanlegs lands og með einföldum hætti má stórauka atvinnutækifæri í sveitum.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands



---

Eiríkur Blöndal

Alþingi  
Erindi nr. P 137/455  
komudagur 29.6.2009



**Hefndasviðs Alþingis**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

**Efni:** Umsögn Hagsmunasamtök heimilanna um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. 137. löggjafarþing 2009. Þskj. 49 – 49. mál.

F m.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Eragi Sveinsson, Guðmundur Steingrímsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Sív Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

**Umsögn**

Hagsmunasamtök heimilanna hafa hingað til ekki fjallað sérstaklega um málefni rekstrarfyrirtækja. Umsögn þessi miðast því fyrst og fremst við það sem snýr að heimilum.

Almennt lýsa Hagsmunasamtök heimilanna (HH) yfir fullum stuðningi við þá tillögu sem hér er til umsagnar.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa auk þess sjálf lagt fram tillögur sem byggja á sömu rálgun og sú tillaga sem hér er til umfjöllunar. Hins vegar hafa samtökin lagt til aðra útfærslu þegar kemur að leiðréttingu lána sem miðast við að gengistryggð lán verði ræðhöndluð með öðrum hætti heldur en verðtryggð í ljósi þess hvaða áhrif veiking krónunnar hefur haft á hvoru tveggja höfuðstól sem afborganir þeirra. Það er að segja að það verði upp á að gengistryggð lán verði umreiknuð sem verðtryggð krónulán frá lánþökudegi einstakra lána og samhliða verði verðbótapáttur verðtryggðra lána tákmarkaður við 4% að hámarki frá og með 1. janúar 2008.

Hagsmunasamtök heimilanna sjá ekki ástæðu til að fara nánar ofan í saumana á eigin tillögum að svo stöddu. Samtökin lýsa sig engu að síður reiðubúin að kynna þær sérstaklega sé þess óskað. Tillögur HH eru einnig aðgengilegar á heimasíðu samtakanna v [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Virðingarfyllt,

fh. Hagsmunasamtaka heimilanna

Arney Einarsdóttir

Vilhjálmur Árnason

Andrea Ólafsdóttir

Þórður Björn Sigurðsson



**Hagstofa Íslands**

Alþingi  
Erindi nr. P 137/28/  
komudagur 18.6.2009

18. júní 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 49. mál**

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 49. mál

Hagstofan álitur að efni þingsályktunarinnar tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllt

---

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 137/365  
komudagur 24.6.2009



Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 23.06.2009


200906538

60.12

EJ

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstraraðila, 49. mál.**

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar og gerir ekki efnislegar athugasemdir,

Virðingarfyllt,  
  
Einar Jónsson lögfr.

1

Alþingi  
Erindi nr. P 137/352  
komudagur 23. 6. 2009

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. júní 2009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afskriftir lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja (49. mál).**

Vegna þessa vilja Neytendasamtökin vekja athygli á að á fundi sínum 6. maí sl. samþykkti stjórn samtakanna svohljóðandi ályktun um húsnæðisskuldir heimilanna:

„Stjórn Neytendasamtakanna minnir á að allt frá hruni bankakerfisins í byrjun október hefur það verið markmið bæði fyrri ríkisstjórnar og þeirrar sem nú situr að tryggja stöðu heimilanna í landinu og sérstaklega þeirra sem lakast standa.

Einn mikilvægasti þátturinn í erfiðri fjárhagsstöðu heimilanna er vaxandi skulda- og greiðslubyrði vegna hárra vaxta, veikrar krónu og áhrifa verð- og gengistryggingar á lán skuldara. Neytendasamtökin taka undir þau sjónarmið að það er með engu móti sanngjarnt eða ásættanlegt gagnvart lántakendum að afleiðingar bankakreppunnar og hruns efnahagslífsins komi af fullum þunga niður á almennum lántakendum þar sem upphaflegar forsendur þeirra fyrir húsnæðislánum eru brostnar. Meginvandi fjölda lántakenda er of há greiðslubyrði lána, sem þeir geta ekki að óbreyttu staðið undir. Því skiptir það sköpum að lækka greiðslubyrðina.

Að mati stjórnar Neytendasamtakanna er eðlilegt að sá hluti hrunsins sem skrifast á mistök stjórnvalda í efnahagsmálum, kostnað vegna hruns af völdum íslenskra banka og fjármálastofnana erlendis og mistaka eftirlitsstofnana hér innanlands lendi á sameiginlegum sjóði landsmanna en ekki almennum skuldurum.

Neytendasamtökin telja að öll þau úrræði sem komið hafa fram undanfarna mánuði, lenging lána, greiðslujöfnun og nú síðast greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, opni lántakendum húsnæðislána leiðir til standa í skilum og ná stöðugleika á ný. Samtökin leggja áherslu á að afgreiðslu mála einstaklinga verði hraðað þannig að greiðsluaðlögun geti verið raunverulegt úrræði fyrir þá sem eru í erfiðastri stöðu. Í því sambandi er nauðsynlegt að styrkja enn frekar starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Einnig þarf að mati Neytendasamtakanna að breyta lögum um greiðsluaðlögun þannig að einyrkjar í atvinnurekstri geti sótt um greiðsluaðlögun vegna skulda viðkomandi heimilis án þess að þurfa að hætta með viðkomandi atvinnurekstur.




Neytendasamtökin eru ekki fylgjandi almennri niðurfærslu skulda á alla einstaklinga og fyrirtæki í landinu. Ljóst er hins vegar að koma verður sérstaklega til móts við þau heimili sem eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum vegna eðlilegra húsnæðislána og greiðsluáðlögun eða önnur úrræði stjórnvalda eiga ekki við. Því telur stjórn Neytendasamtakanna að leiðréttu þurfi stöðu þessara heimila og ber að skoða allar tiltækar færar leiðir í því sambandi, þar á meðal stórauknar vaxtabætur.

Loks minnir stjórn Neytendasamtakanna á að mikilvægasti grundvöllur fyrir sterka stöðu heimilanna er öflugt atvinnulíf. Því skiptir það miklu að stjórnvöld tryggi þegar í stað að fótum verði komið undir bankakerfið og að vextir lækki verulega, sem er frumforsenda þess að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný.”

Virðingarfyllt

f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi  
Erindi nr. Þ 137/351  
komudagur 23.6.2009*

Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis,  
Alþingi  
Austurvelli  
150 Reykjavík

23. júní 2009

A-8  
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 16. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 49. mál.

Með vísan til lögformlegarar stöðu Ríkisendurskoðunar telur hún ekki eðlilegt að taka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

*Erinn Þranny*

*Lárus Ögm.*

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júní 2009 02-2009060198

T-ums 28/09


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja - 49. mál, þskj. 49.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 18. júní 2009 móttengið bréf yðar dags. 16. sama mánaðar þar sem embættinu er veittur kostur á að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja - 49. mál, þskj. 49.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármálaráðherra að framkvæma nauðsynlegar afskriftir af lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. Þá er lagt til að afskriftirnar nemi að minnsta kosti 20% af höfuðstól láns og að þeim skuli lokið 1. ágúst nk.

Það er mat ríkisskattstjóra að gæta verði vel að jafnræðis- og samræmissjónarmiðum þegar meta á hvort sú leið sem lögð er til í tillögunni sé raunhæf. Þá leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að tekjuhugtak laga nr. 90/2003 er afar viðtækt og er meginreglan sú að greiða skuli tekjuskatt af öllum tekjum. Í 3. tölul. 28. gr. laganna er að finna undantekningu frá þessari meginreglu þar sem fram kemur að eignauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamning eða nauðasamning um greiðsluaðlögun sbr. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., teljist ekki til skattskyldra tekna. Undantekningu þessa ber að skýra í samræmi við orðanna hljóðan. Að óbreyttum lögum yrði afskrift skulda eins og lagt er til með tillögu þeirri sem hér er til umsagnar leiða til þess að skattskyldar tekjur myndist hjá þeim sem slíkra afskrifta njóta.

Virðingarfyllst

  
Guðrún J. Jónsdóttir

  
Skúli Eggert Þórðarson

Alþingi  
Erindi nr. P 137/408  
komudagur 25.6.2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja (49. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að fjármálaráðherra verði falið að framkvæma nauðsynlegar afskriftir af lánum tiltekinnna aðila.*

Fagna ber allri viðleitni til að styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu í núverandi árferði. Efnahagsreikningar íslenskra heimila hafa orðið fyrir miklu hnjaski og því er eiginfjárstaðan í mörgum tilfellum neikvæð, oft sem miklu nemur. Í þessum tilfellum getur fjármagnskostnaðurinn orðið fólki og fyrirtækjum um megn, jafnvel þótt sterkt tekjuflæði sé til staðar. Að sama skapi getur dregið verulega úr greiðsluvilja sjái viðkomandi heimili ekki fyrir sér að komast nokkru sinni úr því skuldafeni sem þau standa í. Hjá ýmsum öðrum heimilum hefur framfærslan horfið í kjölfar atvinnumissis og því reynist þeim erfitt að greiða af lánum jafnvel þó eiginfjárstaðan sé jákvæð. Hjá þessum hópi ætti í flestum tilfellum frestunarræði líkt og frýsting eða lækkun afborga að duga til. Að lokum eru ýmis heimili sem tilheyra báðum hópunum.

Í þessu ljósi er vissulega vert að skoða möguleikann á að beita alhliða niðurskrift skulda heimila og fyrirtækja fremur en að meta hvert tilfelli fyrir sig. Í því fælist mikill vinnusparnaður og einföldun við ákvarðanatöku, bæði hjá fyrirtækjum og innan nýja bankakerfisins. Slík aðgerð myndi einnig auka svigrúm þeirra fyrirtækja sem eru minna skuldsett til að yfirtaka önnur verr stödd fyrirtæki skapa þannig rekstrarhagræði sem nú er nauðsynlegt. Þessi nálgun myndi auka líkur á að jafnræðis verði gætt og draga úr líkum á því að óeðlileg pólitísk sjónarmið ráði ákvörðunartöku.

Þegar allt kemur til alls er jafnframt þjóðhagslega óhagkvæmt ef stór hópur samfélagsins fellur utan þess vegna gjaldþrots eða of stífra ákvæða í greiðsluaðlögunarferli. Á sama tíma er mikilvægt að viðhalda greiðsluvilja og koma í veg fyrir að freistnivandi myndist hjá skuldunautum. Í þriðja lagi er mikilvægt að koma upp algildum og gagnsæjum verkferlum í skuldaúrvinnslu heimila og fyrirtækja sem frekast er unnt. Að lokum ber að varast að óhóflegur kostnaður vegna aðgerða til handa skuldunauta falli á almenna skattborgara.

Í ljósi allra álitamála þessu tengdu verður hins vegar að skoða þennan möguleika mun betur en lagt er upp með í tillögu þessari. Að mati ráðsins ætti að mynda um þessa tillögu sérfræðihóp sem upplýsa myndi samfélagið með markvissum, heiðarlegum og hlutlægum hætti um afleiðingar þeirra tillagna sem líta dagsins ljós. Þá skiptir einnig miklu að allar hugmyndir um skuldaniðurfærslu yrðu útfærðar í samráði við erlenda kröfuhafa, enda ljóst að þeirra hagsmunir í þessu máli eru miklir. Viðskiptaráð leggur áherslu á að hvaða leið sem farin verður í þessum efnum verði þjóðhagslegir hagsmunir hafði í fyrirrúmi.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs